



Vilt þú móta íslenskt viðskiptaumhverfi?

Viðskiptaráð Íslands leitar að kraftmiklum einstaklingi sem hefur áhuga á að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.

Starfið er fjölbreytt og samanstendur meðal annars af skrifum og greiningarvinnu vegna útgáfu nýs efnis, miðlun í gegnum fjölmiðla og þátttöku í mótun stefnu ráðsins.

Helstu verkefni

- Skrif blaðagreina, álita, umsagna um þingmál, skýrslna og gerð kynninga
- Samskipti og tengslamyndun gagnvart fjölmiðlum og öðrum hagsmunaaðilum
- Önnur miðlun efnis, til dæmis á samfélagsmiðlum
- Þátttaka í stefnumörkun starfseminnar
- Skipulagning viðburða á vegum ráðsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Viðeigandi starfsreynsla æskileg
- Grunnþekking á rekstrarumhverfi atvinnulífsins og áhugi á þjóðmálum
- Frumkvæði og hæfileikar til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **starfsumsokn@vi.is**. Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2016. Nánari upplýsingar veitir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í síma 510 7100.

Viðskiptaráð Íslands var stofnað árið 1917 sem frjáls félagasamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Við bjóðum upp á lifandi vinnustað ásamt ríku tækifæri til að móta eigið starfsumhverfi.

Frekari upplýsingar um starfsemi ráðsins má nálgast á **www.vi.is**.